

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Styrktarsjóð Þroskahjálpar á Suðurnesjum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Þroskahjálpar á Suðurnesjum.
Sjóðurinn er stofnaður fyrir tilstuðlan útibúa Landsbanka Íslands hf. á Suðurnesjum.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja starfsemi Þroskahjálpar á Suðurnesjum og skjólstæðinga hennar. Framkvæmd og fjárhagsstyrkur frá sjóðnum skal vera einskorðaður sem stuðningur við fatlaða skjólstæðinga Þroskahjálpar á Suðurnesjum og fjölskyldur þeirra.

3. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjanesbæ.

4. gr.

Heildarstofnfé sjóðsins er kr. 3.000.000 - þrjár milljónir -, sem Landsbanki Íslands hf. leggur honum til.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Einn skal skipaður af Landsbanka Íslands hf. og skal hann jafnframt vera formaður stjórnarinnar. Tveir menn skulu útnefndir af Þroskahjálpar á Suðurnesjum. Sömu aðilar skipa jafnmarga til vara.

Stjórnin skal skipuð á aðalfundi til tveggja ára í senn.

Stjórn sjóðsins skipa við undirritun skipulagsskrár þessarar: Friðgeir Magni Baldursson, kt. 300554-5989, útibússtjóri Landsbanka Íslands hf. í Keflavík, Halldór Leví Björnsson, kt. 030856-4819 og Ólöf Bolladóttir, kt. 150764-2629.

Stjórnarmenn fá ekki þóknun fyrir setu í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu hans, tekur allar ákvarðanir um rekstur hans og hvernig markmiðum hans verði best náð.

Stjórn sjóðsins skal heimilt að veita af tekjum hans og óbundinni eign styrki í samræmi við tilgang hans. Stjórnin annast styrkveitingar úr sjóðnum og setur sér frekari úthlutunarreglur. Stofnfé sjóðsins skal þó standa óhaggað.

7. gr.

Tekna aflar sjóðurinn m.a. með frjálsum framlögum og eru tekjur hans þá vextir og arður af eignum sjóðsins og annað það sem sjóðnum kann að áskotnast.

8. gr.

Sjóðurinn skal varðveittur í útibúi Landsbankans í Keflavík, sem jafnframt skal tryggja bestu ávöxtun sjóðsins. Ávaxta skal stofnfé sjóðsins sem tryggilegast og arðvænlegast.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins skal eigi síður en 30. júní ár hvert senda Ríkisendurskoðun reikning sjóðsins og skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið ráðstafað á liðnu ári í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

10. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, en til þess þarf samþykki stofnanda og stjórnarmanna og staðfestingu dómsmálaráðherra.

Samþykki stofnanda og stjórnarmanna sjóðsins þarf til að leggja sjóðinn niður. Skal eignum hans þá ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 1. mars 2007,

Kristján Baldursson ftr.

B-deild – Útgáfud.: 21. mars 2007